

Ársskýrsla

Víkin 5 ára deild-GRV

Skólaárið 2018-2019



Gleði - öryggi - vinátta
www.vikin.leikskolinn.is

Efnisyfirlit

1. Almennar upplýsingar.....	2
1.1. Leikskóli, húsnæði og lóð.....	2
1.2. Viðhald og breytingar	2
1.3. Sumarleyfi.....	2
2. Hugmyndafræði, stefna, námsskrá	3
2.1. Uppeldislegar áherslur, markmið og matsaðferðir.	3
2.2. Skipulag	4
3. Starfið árið 2018 - 2019	6
3.1. Faglegt starf	6
3.2. Að brúa bilið	8
3.3. Ýmsir viðburðir á skólaárinu.....	8
4. Innra mat, framkvæmd og niðurstöður	11
4.1. Foreldraviðtöl.....	11
4.2. Starfsþróunarsamtöl.....	11
4.3. Starfsmanna- og deildarfundir	11
5. Starfsfólk.....	12
5.1. Starfsheiti og starfshlutfall.....	12
5.2. Starfsfólk Víkurinnar.....	12
6. Foreldrasamstarf	13
6.1. Markmið og áherslur í foreldrasamstarfi.....	13
6.2. Foreldraviðtöl.....	13
6.3. Upplýsingar til foreldra	13
6.4. Heimasíða Víkurinnar	13
7. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	14
7.1. Skipulagsdagar	14
7.2. Símenntun.....	15
7.3. Samstarf við rekstraraðila.....	16
7.4. Fræðsla og ráðgjöf	16
8. Lokaorð	16

Leikskólinn Víkin 5 ára deild, GRV

Ársskýrsla fyrir starfsárið 1. september 2018 - 31. ágúst 2019

1. Almennar upplýsingar

1.1. Leikskóli, húsnæði og lóð

Víkin 5 ára deild er 3 deilda leikskóladeild fyrir börn á síðasta ári leikskólagöngu. Boðið er uppá 4-9 tíma vistun.

Í ár voru 57 börn á leikskóladeildinni

Heimaklettur: 19 börn

Miðklettur: 20 börn

Ystiklettur: 18 börn

Deildarnar hófu störf í ágúst, allar með 19 börn, en í október voru nokkur börn færð á milli deilda til að jafna álag.

1.2. Viðhald og breytingar

- Herjólfsdalur (áður tónlistarstofa GRV) var tekinn í notkun.
- Öll gólf bónuð
- Ný fatahólf sett upp í fataklefa
- Nýjar hillur settar inn á Ystaklett.

Á árinu voru gerðar breytingar á starfi skólans sem urðu til þess að við gátum fengið alla suðurálmuna til afnota. Aukarýmið sem við fengum fékk nafnið Herjólfsdalur. Herjólfsdalur fékk það hlutverk að hýsa smá starfsmannaaðstöðu ásamt því að þar fengum við auka rými sem hægt var að skipta börnunum niður í leik og þannig minnka álagið á deildunum. Þá var einnig stúkað af lítið rými innan Herjólfsdals sem nýttist sem sérkennslurými og fékk það rými heitið Fjósaklettur.

1.3. Sumarleyfi

Leikskóladeildin var lokuð frá og með 15 júlí til og með 14 ágúst 2019. Starfsfólk kom þó til starfa 14. ágúst og vann af sér starfsdag.

2. Hugmyndafræði, stefna, námsskrá

2.1. Uppeldislegar áherslur, markmið og matsaðferðir.

Unnið er samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla útgefna af menntamálaráðuneytinu 2011 og lögum um leikskóla 90/2008. Grunnþættir

Aðalnámskrár eru þessir:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Samkvæmt Aðalnámskrá eiga þessir grunnþættir að endurspeglast í starfsháttum, samskiptum og skólabrag skóla. Þeir tengjast innbyrðis í öllu skólastarfi og menntun og eru samofnir hver öðrum.

Þegar Víkin var undir Kirkjugerði störfuðum við samkvæmt þeirra námsskrá. Eftir að Víkin fór undir Grunnskóla Vestmannaeyja höfum við verið námsskrárlaus, en reynt að tileinka okkur það sem hægt er úr námsskrá skólans. Eigum við eftir að fara í þá vinnu að gera nýja námsskrá með okkar áherslum.

Samkvæmt starfsáætlun okkar, er okkar meginmarkmið:

„Við leitumst við að rækta hæfileika barnsins sem koma til með að nýtast því sem best í nútímasamfélagi. Mikilvægt er því að rækta sterka sjálfsmynd, félagslega færni og trú á eigin getu. Mikil áhersla er lögð á að efla vináttu, jákvætt hugarfar og glaðleg samskipti.“

Þá vinnum við, ásamt leik- og grunnskólum Vestmannaeyja að framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar.

Markmið og hlutverk framtíðarsýnar er að skólarnir í sveitarfélaginu verði meðal þeirra fremstu á landinu hvað varðar vellíðan nemenda, faglegt starf, kennslu og námsárangur. Þá er sérstök áhersla lögð á íslensku og stærðfræði.

Mikil áhersla er á að nýta leikinn í kennslu og reynum við að hafa leikumhverfi þannig að nám fari yfir í frjálsta leikinn og að hann fái að njóta sín sem mest í starfinu.

Grunnskóli Vestmannaeyja vinnur eftir uppeldisaðferðinni uppeldi til ábyrgðar. Við í leikskóladeildinni höfum byrjað þá vinnu að því að tileinka okkur þá aðferð í okkar starfi.

2.2. Skipulag

Deildirnar fá ramma og vinna saman að því að setja upp það dagskipulag sem hentar hverri deild. Þannig er frelsi innan rammans til að skipuleggja starf sem hentar hópnum í hvert skipti.

Dagskipulag Heimakletts var svohljóðandi.

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7:30 - 8:15	Róleg stund	Róleg stund	Róleg stund	Róleg stund	Róleg stund
8:15 - 8:45	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
8:45 - 9:15	Framhaldssaga	Framhaldssaga	Framhaldssaga	Framhaldssaga	Framhaldssaga
9:15 - 10:00	Þríhjólíð Listsmiðja	Þríhjólíð Lubbi	Stig af stigi	Þríhjólíð Stærðfræði	Val
10:00 - 11:00	Val/útivera	Val/útivera	Leikfimi	Val/útivera	val
11:00 - 11:30	Söngstund	Samvera	Söngstund	Samvera	Söngstund/ samvera
11:30 - 12:00	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:00 - 12:30	Hvíld	Bókaormur	Hvíld	Tónlist með Eyvindi	Slökun/jóga
12:30- 14:00	Útivera	Útivera/salur	Útivera	Útivera/salur	Útivera
14:00 - 14:25	Samvera	Samvera	Samvera	Samvera	Samvera
14:25 - 15:00	Nónkaffi	Nónkaffi	Nónkaffi	Nónkaffi	Nónkaffi
15:00 - 16:30	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val

Dagskipulag Miðkletts var svohljóðandi.

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7:30 - 8:15	Róleg stund	Róleg stund	Róleg stund	Róleg stund	Róleg stund
8:15 - 8:45	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
8:45 - 9:10	Söngstund - ávextir	Söngstund - ávextir	Ganga uppí íþróttahús	Söngstund - ávextir	Söngstund - ávextir
9:10 - 10:00	Þríhjólið Lubbi	Þríhjólið Stærðfræði	Leikfimi 9:20 - 10:00	Þríhjólið Listasmiðja	Val/útivera
10:00 - 11:00	Val/útivera	Val/útivera	Útivera	Val/útivera	Val/útivera
11:00 - 11:25	Samvera - málörvun	Samvera - málörvun	Samvera - málörvun	Samvera - málörvun	Samvera - málörvun
11:25 - 12:00	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:15 - 12:45	Stig af stigi	Hvíld	Tónlist	Hvíld	Hvíld
12:45 - 14:00	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val	Útivera
14:00 - 14:25	Samvera - málörvun og þemavinna	Samvera - málörvun og þemavinna	Samvera - málörvun og þemavinna	Samvera - málörvun og þemavinna	Samvera - málörvun og þemavinna
14:25 - 15:00	Nónkaffi	Nónkaffi	Nónkaffi	Nónkaffi	Nónkaffi
15:00 - 16:30	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val

Dagskipulag Ystakletts var svohljóðandi

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7:30 - 8:15	Róleg stund	Róleg stund	Róleg stund	Róleg stund	Róleg stund
8:15 - 8:45	Morgunnmat	Morgunnmat	Morgunnmat	Morgunnmat	Morgunnmat
8:45 - 9:10	Framhaldssaga	Framhaldssaga	Framhaldssaga	Framhaldssaga	Framhaldssaga
9:10 - 10:00	Príhjólíð Stærðfræði	Príhjólíð Listasmiðja	Stig af stigi	Príhjólíð Lubbi	Val/útivera
10:00 - 11:00	Val/útivera	Val/útivera	Leikfimi 10:00 - 10:40	Val/útivera	
11:00 - 11:25	Samvera - málörvun	Samvera - málörvun	Samvera - málörvun	Samvera - málörvun	Samvera - málörvun
11:25 - 12:00	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:15 - 12:45	Hvöld	Hvöld	Hvöld	Hvöld	Hvöld
12:45 - 14:00	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val
14:00 - 14:25	Söngstund	Söngstund	Bókaormur	Söngstund	Söngstund
14:25 - 15:00	Nónkaffi	Nónkaffi	Nónkaffi	Nónkaffi	Nónkaffi
15:00 - 16:30	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val	Útivera/val

3. Starfið árið 2018 - 2019

3.1. Faglegt starf

Í ár var ákveðið að halda áfram að þróa príhjólíð, en þær breytingar voru gerðar að nú færðist príhjólíð inn á deildarnar. Hver deildarstjóri tók að sér yfirumsjón með einum þætti príhjólísins og sá um skipulagið á honum. Hver deild útnefndi svo einn starfsmann til að sjá um einn af þessum þremur þáttum innan deildarinnar.

Íslenskan var í höndum Esther Bergdóttur deildarstjóra á Ystakletti. Sigurrós Sigurhansdóttir og Alda Gunnarsdóttir sáu um útfærslu inni á Heimakletti og Miðkletti

Í íslenskunni er áhersla lögð á að vinna með *Lubbi finnur málbeinið*. Læra börnin þar stafina, máhljóðin og málrækt í gegnum leik og starf. Við nýtum okkur kennsluaðferðina *Leikur að læra*, ásamt því að spila, syngja og kenna í gegnum frjálsan leik.

Ásta Björk Guðnadóttir deildarstjóri á Miðkletti hafði umsjón yfir stærðfræðinni. Marta Karlsdóttir og Rósa Jónsdóttir sáu um útfærslu inni á Heimakletti og Ystakletti

Í stærðfræðinni vinnum við eftir bókinni *Sprota*, greinum námsefnið í henni og er leikur og efniviður skipulagður til að örva þá þætti sem þar er verið að kenna. Þar leggjum við áherslu á mynstur, tölur, talningu, form og flokkun. Til þess notum við m.a. kennsluaðferðina *Leikur að læra* ásamt því að vinna markvisst með bæði *Numicon* kubba og einingakubba.

Jóna Heiða Sigurlásdóttir deildarstjóri á Heimakletti hafði umsjón yfir listsköpuninni. Hildur Rún Róbertsdóttir og Linda Björg Ómarsdóttir sáu um útfærslu inni á Miðkletti og Ystakletti

Í sköpun leggjum við áherslu á að börnin fái tækifæri til að tjá sig í gegnum listirnar. Við leggjum áherslu á að gefa börnunum frelsi til að vinna á eigin forsendum og eflum þannig sjálfstæði og sköpunargleði þeirra. Þar fer fram þjálfun á fínhyfingum, efling á hugmyndaauðgi og frumkvæði og að vinna hugsanir sínar í gegn um mismunandi efnivið. Þar fer einnig fram úrvinnsla á því sem þau hafa lært í þemavinnunni okkar, sem fer að miklu leyti fram inni á deildunum.

Þríhjólið í ár gekk nokkuð vel, en þó misvel á milli deilda. Árgangurinn sem var við nám í ár var mjög kröftugur og kom það að einhverju leiti niður á starfinu þar sem deildarnar þoldu undirmönnun mis vel. Betur gekk í ár en í fyrra að hafa yfirsýn yfir getu barnanna, en við þurfum að halda áfram að þróa hvern námsþátt fyrir sig.

Grunnskóli Vestmannaeyja hefur unnið með kennsluefnið Stig af stigi síðustu 4 ár. *Stig af stigi* er kennsluefni fyrir 4 - 10 ára börn. Námsefninu er skipt upp í þrjá hluta og er sá fyrsti ætlaður tveimur elstu árgöngunum í leikskóla og fyrsta bekk í grunnskóla. Á þessum árum reynir mikið á félagsfærni barna enda eru börnin sífellt að kynnast nýju fólki og umhverfi.

Leiðir til að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna eru margar, s.s. hrós og hvatning og að stuðla að vináttu og tengslamyndun. Í Stig af stigi er markmiðið að efla

félags- og tilfinningaproska barna og að þau læri að sýna viðurkennda hegðun og koma tilfinningum sínum í orð.

Ætlunin var að Víkin myndi halda áfram að vinna að fyrsta hluta kennsluefnisins þetta árið. En mannekla og það hve kröftugur árgangurinn var gerði okkur erfitt fyrir, og þá sérstaklega einni deildinni. Úr varð að hinar tvær deildirnar hættu á fimmta tíma til að fara ekki of langt fram úr þriðju deildinni. Þar sem það hentar skólanum illa þegar börnin eru að byrja á misjöfnum stað í þessu námsefni.

3.2. Að brúa bilið

Leikskóladeildin vinnur náið með grunnskólanum í að undibúa nemendur fyrir grunnskólagöngu þeirra.

Einu sinni í viku fengum við markvissa tónlistarkennslu en þá fengum við tónlistarkennara grunnskólans til okkar í söng og leik með börnunum.

Einu sinni í viku yfir veturinn fengu börnin að fara upp í íþróttahús, þar sem þau hittu Hilmar Ágúst Björnsson íþróttakennara og fengu frá honum markvissa hreyfikennslu. Í þessum tímum þjálfuðum við hreyfifærni barnanna á markvissan hátt, ásamt því að börnin lærðu leiðina í Íþróttamiðstöðina, umgengni í fataklefa og fengu að kynna framtíðar leikfimikennara sínum. Þessir föstu tímar allt árið var nýjung hjá okkur í ár, en áður höfðu börnin á Víkinni verið að fá 16 tíma í heild yfir skólaárið með leikfimikennara.

Við fengum nokkra tíma í danskennslu undir lok vorannar. Þar lærum við tvo dansa og tókum þátt í danssýningu með hinum börnum skólans.

3.3. Ýmsir viðburðir á skólaárinu

Ágúst 2018

- 14. ágúst starfsdagur og undirbúningur fyrir komu nýrra barna
- 15. ágúst leikskólinn opnaði klukkan 8:00
- Unnið var eftir þemanu „Lundinn“

September 2018

- 5. sept. var foreldrafundur þar sem farið var yfir starfsemi Víkurinnar.
- 7. sept. var haldið uppá alþjóðadag læsis, sem var laugardaginn 8. sept
- 18. sept. kíktum við á Hraunbúðir og sungum fyrir heimilisfólk
- 25. sept. var foreldrakaffi á milli 8:00 og 9:00
- 28. sept. var Innidótadagur

Október 2018

- 5. október var lokað vegna starfsdags
- 12. október var krabbameinsdagurinn og bleikur dagur af því tilefni.
- 16. október kíktum við á Hraunbúðir og sungum fyrir heimilisfólk
- 26. október var haldið uppá alþjóðlega bangsadaginn og var þá náttfata og bangsadagurinn.
- 31. október var haldið uppá hrekkjavöku og fengu börnin að mæta í búningum

Nóvember 2018

- 5. nóvember tókum við þátt í vinaviku með Grunnskólanum
- 16. nóvember var dagur íslenskrar tungu. Þá buðum við foreldrum í heimsókn, sungum fyrir þau lög og buðum þeim upp á kaffi.
- 20. nóvember kíktum við í heimsókn yfir á Hraunbúðir og sungum fyrir heimilisfólk.
- 30. nóvember var rauður og grænn dagur ásamt því að við bökuðum piparkökur með börnunum.

Desember 2018

- 4. desember var jólastund í Landakirkju.
- 7. desember var kaffihúsastemming niðri í matsal og jólakortin voru sett í póst.
- 14. desember var jólasöngstund á Hraunbúðum,
- 13. desember var jólaball í sal skólans.
- 27. desember var lokað vegna starfsdags.
- 28. desember var lokað vegna starfsdags.

Janúar 2019

- 11. janúar var vasaljósadagur
- 19. janúar var bóndadagurinn.
- 22. janúar kíktum við í heimsókn yfir á Hraunbúðir og sungum fyrir heimilisfólk
- 23. janúar mættu allir í goslitunum í tilefni af því að 45 ár voru liðin frá upphafi eldgossins í Heimaey.
- 28. janúar byrjuðum við með tannverndarviku.

Febrúar 2019

- 1. febrúar var dagur stærðfræðinnar. Þá unnum við stærðfræðitengd verkefni.
- 4. febrúar bauð skólinn okkur á þorrablot.
- 6. febrúar var dagur leikskólans. Þá buðum við foreldrum í kaffi til okkar.
- 15. febrúar var innidótadagur
- 19. febrúar var söngur á Hraunbúðum

Mars 2019

- Einstaklingsforeldraviðtöl voru í mars.
- 4. mars var bolludagur. Þá fengum við bollur í nónkaffinu og bjuggum til bolluvendi.
- 5. mars var sprengidagur
- 6. mars var öskudagur. Fórum við þá með yngstu árgöngum skólans í öskudagsfjör um morguninn.
- 19. mars kíktum við á Hraunbúðir og sungum fyrir heimilisfólk
- 21. mars var skóladagurinn í Hamarsskóla og tókum við þátt í honum.
- 29. mars var hattadagur

Apríl 2019

- 9. apríl bjuggum við til kókoskúlur
- 12. apríl mættum við páskaegg til fara í leikskólann og vorum með páskaeggjaleit.
- 26. apríl var lokað vegna starfsdags
- 29. apríl var lokað vegna starfsdags

Maí 2019

- 3. maí var hjóla og útidótadagur.
- 9. maí var útskriftarferðin okkar.
- 17. maí var útskrift hjá 2012 árgangi klukkan 16:30.
- 21 maí kíktum við á Hraunbúðir og sungum fyrir heimilisfólk
- 22 og 23. maí kíkti 2013 árgangurinn í vorskólann á milli 13-15.
- 27. maí fengum við umferðarfræðslu frá lögreglunni
- 29. maí tókum við þátt í danssýningu Grunnskólans.

Júní 2019

- 4. júní var hjóla og útidótadagur.
- 6. júní var sumarhátíð leikskólanna og sá Víkin um skipulagið í ár.

- 13. júní byrjaði TM mótið í Vestmannaeyjum og kíktu þeir sem höfðu áhuga á leik.
- 27. júní byrjaði Orkumótið í Vestmannaeyjum. Þeir sem höfðu áhuga fengu að kíkja á leik.

Júlí 2019

- 2. júlí var hjóla og útidótadagur
- 4. júlí héldum við uppá það að 45 ár voru liðin frá goslokum.
- 15. júlí lokaði leikskólinn vegna sumarfrís.

4. Innra mat, framkvæmd og niðurstöður

4.1. Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á ári, við upphaf leikskólagöngu og í marsmánuði. Viðtölin gengu vel og er almenn ánægja með starfið á leikskólanum. Bæði á meðal foreldra og forráðamanna, en einnig á meðal barnanna. Viðtölin gefa okkur tækifæri til að meta viðhorf foreldra til leikskólans og um leið fáum við tækifæri til að bregðast við ef eitthvað á bjátar. Foreldraviðtölin gefa okkur góðan grundvöll til að styrkja og efla samskipti á milli heimilis og leikskóla.

4.2. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl voru ekki haldin í ár, en hver starfsmaður fékk þó eyðublöð til útfyllingar þar sem þeir fengu að setja fram sínar óskir um vinnutíma, staðsetningu innanhúss og ef það voru einhverjar aðrar óskir.

4.3. Starfsmanna- og deildarfundir

Starfsmannafundir voru haldnir reglulega yfir veturinn. Starfsmannafundir voru hluti af starfsdögum sem við unnum af okkur yfir veturinn (sjá töflu í kafla 7.1.). Á starfsmanna- og deildarfundum ræddum við starfið á deildinni og leikskólanum í heild, máttum hvað er að ganga vel og hvað mætti betur fara, skipulögðum starfið sem er framundan og bjuggum til persónulegar áætlanir fyrir börn ef þess þykir þörf. Starfsmannafundir voru einnig haldnir utan vinnutíma, en þar sem ekki var möguleiki á að koma auka fundum á innan vinnutíma, þá fengu starfsmenn deildanna að hittast utan vinnutíma til að skipuleggja starfið í kring um börnin.

5. Starfsfólk

5.1. Starfsheiti og starfshlutfall

Starfsheiti	Starfshlutfall*
Aðstoðarleikskólastjóri	100%
Deildarstjóri	272,5%
Leikskólakennari	67,5%
Aðstoðarleikskólakennari	90%
Háskólamenntaður starfsmaður	88,8%
Leiðbeinendur	450%
Heildarprósenta	1068,8%

*m.v. starfsmannahald 1. desember 2018

5.2. Starfsfólk Víkurinnar

Starfsmaður	Starfsheiti	Menntun
Alda Gunnarsdóttir	leikskólakennari	leikskólakennari
Ásta Björk Guðnadóttir	deildarstjóri	leikskólakennari
Berglind Guðmundsdóttir	leiðbeinandi	stúdentspróf/ Háskólanemi
Esther Bergsdóttir	deildarstjóri	grunnskólakennari
Elísabet Guðnadóttir	leiðbeinandi	Stúdentspróf
Guðrún S. Þorsteinsdóttir	aðstoðarleikskólastjóri	leikskólakennari
Hildur Rún Róbertsdóttir	leiðbeinandi	stúdentspróf/ Háskólanemi
Jóna Heiða Sigurlásdóttir	Deildarstjóri	bA í myndlist og master í listkennslu, leyfisbréf í grunn- og framhaldsskóla
Linda Björg Ómarsdóttir	leiðbeinandi	grunnskólapróf
Margrét Lára Hauksdóttir	leiðbeinandi	grunnskólapróf
Marta Karlsdóttir	leiðbeinandi	stúdentspróf/

		Háskólanemi
Rósa Jónsdóttir	leiðbeinandi	þroskaþjálfari
Sigurros Sigurhansdóttir	aðstoðarleikskólakennari	diplóma
Svanhildur Hanna Freysteinsd.	Leiðbeinandi/afleysing	grunnskólapróf

Í febrúar 2019 fékkst inn auka stuðningur þrjá klukkutíma á dag fyrir barn á Miðkletti. Var þá ráðinn starfsmaður í það hlutfall.

6. Foreldrasamstarf

6.1. Markmið og áherslur í foreldrasamstarfi

Við upphaf leikskólagöngu er lagður grunnur af góðu samstarfi á milli heimilis og leikskóla. Áhersla er lögð á að taka vel á móti börnum sem og foreldrum.

Reglulega yfir árið bjóðum við foreldrum í heimsókn til okkar en þar fyrir utan er foreldrum ávalt velkomið að kíkja og er alltaf möguleiki á að fá viðtalstíma hjá deildarstjóra sé þess þörf.

6.2. Foreldraviðtöl

Einstaklingsforeldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári. Við upphaf leikskólagöngu fá foreldrar viðtal með deildarstjóra þar sem foreldrar og deildarstjóri fá tækifæri til að stilla saman strengi sína fyrir komandi vetur og í mars hittast foreldrar og deildarstjóri/leikskólakennari aftur þar sem farið er yfir hvernig gengur og hvað betur má fara. Í upphafi skólaárs er svo hópforeldrafundur þar sem starfsemi Víkurinnar er kynnt og farið er yfir praktíska hluti sem fylgja leikskólagöngunni.

6.3. Upplýsingar til foreldra

Leikskólinn nýtti samskiptakerfið Karellen til að koma upplýsingum til foreldra ásamt því að þar fóru myndir af börnunum og fréttir af starfinu.

6.4. Heimasíða Víkurinnar

Heimasíða Víkurinnar er virk og aðgengileg síða þar sem hægt er að finna helstu upplýsingar um leikskóladeildina og hennar starfsemi. Heimasíðan er tengd við Karellen leikskólakerfið og er hægt að komast af henni og yfir á læst fjölskyldusvæði þar sem foreldrar hafa aðgang að myndum af barninu sínu í leik og starfi ásamt ýmsum upplýsingum um barnið sjálft og deildina.

7. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

7.1. Skipulagsdagar

Skipulagsdagar skólaárið 2018-2019 voru eftirfarandi.

<u>Dags:</u>	<u>Vinna daginn / Unnið utan vinnutíma.</u>
5. október 2018	Vinna daginn
27. desember 2018	Utan vinnutíma
28. desember 2018	Utan vinnutíma
26. apríl 2019	Námskeiðsferð
29. apríl 2019	Námskeiðsferð

Starfsdagur 5. október var unninn að fullu. 27. desember, 28. desember var leikskólinn lokaður en starfsfólk mætti á öðrum tíma og vann sér inn frí þá daga. 26. apríl og 29. apríl var farið í námsferð til Brighton þar sem við lærðum yoga fyrir börn og um Numicon stærðfræðikubbanda. Dagskrá starfsmannafunda var á þennan veg:

<u>Dags:</u>	<u>Tími:</u>	<u>Vinna:</u>
15. ágúst	9-15	Undirbúningur fyrir opnun eftir sumarfrí
5. október 2018	8-16	Starfsdagur
8. nóvember 2018	16.30-20.30	Starfsmanna- og deildafundir
29. nóvember 2018	16.30-18.30	Deildaskreytingafundir
8. janúar 2019	16.30-18.30	Starfsmanna- og deildafundir
7. febrúar 2019	16.30-20.30	Sigurlaug ráðgjafaproskajálfi m/ erindi, starfsmannafundur, tiltekt
26. apríl 2019	6 klst	Jóganáskeið í Brighton
28. apríl 2019	6 klst	Numikon námskeið í Brighton
13. maí 2019	16.30-20.30	Undirbúningur fyrir útskrift/ deilda- og starfsmannafundir
28. maí 2019	16.30-20.30	Persónuverdarfræðsla, deildafundir og tiltekt

7.2. Símenntun

Lýsing á símenntun	Tilgangur	Dags	Tími	Pátttakendur	Staðsetning
Skipulagsdagur					
Viðfangsefni					
Fræðsla um frávík barna	Að starfsfólk geti tekist á við frávík barna í barnahópnum	7 feb.	1 klst	Allt starfsfólk	Vestm.eyjar
Erindi um geðheilsu	Að starfsfólk læri að hugsa um áhrif áfalla á andlega og líkamlega heilsu	2 apríl	1,5 klst	Í boði skólaskrifstofu	Vestm.eyjar
Persónuvernd	Að allir innan leikskólans geti tileinkað sér þau vinnubrögð sem felast í nýjum lögum.	28. maí	1. klst	Allt starfsfólk	Vestm.eyjar

Vettvangsferð					
Viðfangsefni					
Yogabeez	Að starfsfólk geti nýtt yoga og hugleiðslu í starfi með börnum.	26. apríl	6 klst	Allt starfsfólk	Brighton
Numicon	Að starfsfólk geti unnið með numicon stærðfræðikubbana í daglegu starfi	28. apríl	6 klst	Allt starfsfólk	Brighton

7.3. Samstarf við rekstraraðila

Aðstoðarleikskólastjóri sat fundi fræðsluráðs sem haldnir voru einu sinni í mánuði. Þar var farið yfir þau málefni sem lágu fyrir að hverju sinni.

7.4. Fræðsla og ráðgjöf

Leikskólinn nýtur góðs af ráðgjöf frá sérkennslustjóra leikskóla Vestmannaeyjabæjar. Sérkennslustjóri var Guðrún Benonýsdóttir og sá hún um ráðgjöf og sérkennslu fyrir þau börn sem þess þurftu. Að auki fengum við 8 kennslustundir á viku frá Nina Anna Dau, sérkennara í GRV og sá hún ásamt Guðrúnu Benonýsdóttur um sérkennslu og ráðgjöf á leikskóladeildinni.

8. Lokaorð

Þessi vetur var krefjandi fyrir starfsfólk Víkurinnar. Deildarnar sem árið áður voru tvær urðu þrjár þetta skólaárið. Árgangurinn var sömuleiðis mjög kröftugur og oft mikið álag á starfsfólki. Við erum samt stoltar af þeirri vinnu sem við náðum að framfylgja í ár og teljum að vel hafi tekist að ná flestum þeim markmiðum sem við settum okkur í upphafi árs. Þær breytingar á starfinu sem við fórum í árið áður héldu áfram í þróun og er sú þróun nú komin vel á veg og í góðan farveg. Börnin voru hamingjusöm og voru flest allar raddir í kring um okkur jákvæðar þegar kom að umræðu um starfið okkar.